

Og fjarskipti ehf. (Vodafone), 470905-1740, Skútuvoði 2, 104 Reykjavík, í samningi þessum nefndur VODA, og [fjarskiptafyrirtæki], [kennitala], [heimilisfang], í samningi þessum nefndur viðsemjandi, saman kallaðir samningsaðilar, gera með sér svohljóðandi

## Samtengisamningur

### 1. Um samninginn

#### 1.1 Markmið:

Markmiðið með samningnum er að tengja saman símnótendur samningsaðila þannig að þeim verði gert kleift að tengjast og hafa samskipti sín á milli.

#### 1.2 Forsendur:

Samningsaðilar uppfylla báðir öll skilyrði, lagaleg sem tæknileg, til veitingar fjarskiptaþjónustu, s.s. almennrar símaþjónustu. Á þeim hvílir því samtengiskylda samkvæmt VII kafla laga nr. 81/2003 um fjarskipti ásamt síðari breytingum.

#### 1.3 Breytingar á samningi:

Ef breytingar eru gerðar á samtengisamningi þá er nýr samtengisamningur birtur til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur ný samningur gildi sem samtengisamningur milli VODA og viðsemjanda. Við gildistöku nýs samtengisamnings falla úr gildi allir eldri samningar og án sérstakrar undirskriftar VODA og viðsemjanda.

### 2. Viðaukar

Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi:

Viðauki 1a Verðskrá VODA

Viðauki 1b Verðskrá viðsemjanda

### 3. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í samningi þessum eftir því sem við á:

- a) *A-símnotandi*: Símnótandi sem hefur frumkvæði að því að fá símaþjónustu (sá sem hringir).
- b) *A-númer*: Símanúmer A-símnotanda.
- c) *A-númerabirting*: Birting símanúmers A-símnotanda hjá B-símnotanda sem hefur slíkan möguleika og þess háttar áskrift.
- d) *B-símnotandi*: Símnótandi sem hringt er til.
- e) *B-númer*: Símanúmer B-símnotanda.
- f) *B-svar*: B-svar kemur þegar B-símnotandi eða tæki tengd línu hans svara uppkalli.
- g) *Fjarskiptafyrirtæki*: Einstaklingur eða lögaðili sem hefur almenna heimild til fjarskiptareksturs og fjarskiptaþjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun og fyrirhugar að starfa sem slíkur.
- h) *Fjarskiptanet*: Sendikerfi og þar sem við á skiptistöðvar og önnur úrræði sem gera kleift að beina merkjum milli skilgreindra nettengipunkta eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum eða með öðrum rafsegulaðferðum.
- i) *Fjarskiptaþjónusta*: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet.
- j) *Fjarskiptaumferð*: Fjarskipti milli fjarskiptaneta eða hluta þess.
- k) *Flökkunúmer*: Símanúmer sem úthlutað er af Póst- og fjarskiptastofnun til fjarskiptafyrirtækis fyrir óstaðbundna notkun yfir Internetið.
- l) *Flökkupjónusta*: Óstaðbundin talsímaþjónusta sem veitt er yfir Internetið og er auðkennd með sérstökum flökkunúmerum til aðgreiningar frá annarri talsímaþjónustu. Notandinn getur virkjað flökkupjónustu með aðgangsstýringu hvar sem tenging við Internetið er möguleg.
- m) *Grunnsamtengingarþjónusta*: Uppruni eða lúkning almennrar símaþjónustu og annarrar fjarskiptaþjónustu sem byggist á samtölum, hvort sem um er að ræða hliðræna- eða IP tækni, ásamt annarri þjónustu sem nauðsynleg er til að gera samtengiumferð mögulega.

- n) *Dagtaxti*: Taxti sem gildir fyrir tímabilið frá kl. 8:00 að morgni til kl. 19:00 á kvöldin, mánudaga til föstudaga að lögbundnum fríðögum undanskildum sbr. skilgreiningu á Kvöld-, nætur og helgartaxta sbr. lið m).
- o) *Kvöld-, nætur- og helgartaxti*: Taxti sem gildir fyrir tímabilið frá kl. 19:00 á kvöldin til kl. 08:00 að morgni alla virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag. Þá gildir taxtinn alltaf á eftirfarandi fríðögum: nýársdag, skírdag, föstudaginn langa, annan dag páska, sumardaginn fyrsta, uppstigningardag, 1. maí, annan hvítasunnudag, 17. júní, frídag verslunarmanna, jóladag, annan dag jóla og aðfangadag og gamlársgang frá kl 12:00 beri þessa daga upp á virkan dag.
- p) *Merkjaumferð*: Merkjásendingar á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra.
- q) *Merkjásending*: Samskipti milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra, sem fela í sér að skipst er á upplýsingum, t.d. til að setja upp símtal.
- r) *Merkjaleið*: Sú leið sem merkjásendingar eru sendar eftir.
- s) *Merkjásamband*: Samband milli fjarskiptafyrirtækja sem gert er fyrir merkjásendingar.
- t) *Merkskiptþjónusta*: Þjónusta sem tengist merkjásendingum.
- u) *Notandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptþjónustu.
- v) *Samtenging*: Efnisleg og rökrétt tenging fjarskiptaneta sem gerir notendum kleift að eiga samskipti við aðra notendur eða fá aðgang að þjónustu sem veitt er af öðrum aðila. Ekki skiptir máli hvort þjónustan er veitt af eigendum netsins eða öðrum aðilum sem kunna að hafa aðgang að fjarskiptanetinu.
- w) *Samtengiumferð*: Samskipti almennrar símaþjónustu milli fjarskiptafyrirtækja sem byggjast á tengingu fjarskiptakerfa þeirra (t.d. fastakerfis og farsímakerfis).
- x) *Samtengiþjónusta*: Þjónusta sem flytur símtal frá tengipunkti eins símnotanda til símnotanda sem er tengdur neti annars fjarskiptafyrirtækis.
- y) *Samtengipunktur*: Punktur þar sem fjarskiptanet tveggja fjarskiptafyrirtækja eru tengd saman.
- z) *Símaþjónusta*: Þjónusta í tengslum við símtöl.
- aa) *Símnotandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem er aðnjótandi grunnsamtengingarþjónustu.
- bb) *Símaumferð*: Samskipti símaþjónustu milli fjarskiptaneta, eða hluta þeirra.
- cc) *Símtal*: Heppnað uppkall þar sem talrás tengist í báðar áttir. Ekki verða öll heppnuð uppköll að símtali.
- dd) *Talrás*: Tenging milli aðila sem gerð er til að flytja tal.
- ee) *Talsímanet*: Fjarskiptanet sem ber talsímaumferð.
- ff) *Uppkall*: Tilraun til símtals. Heppnað uppkall leiðir til hringitóns, upptekins tóms eða svars. Uppkall er einnig talið heppnað ef ígildi upptekins tóns eða hringitóns er til staðar, t.d. talvél. Af óheppnuðu uppkalli verður ekkert símtal.
- gg) *Upprunaþjónusta*: Þjónusta sem á uppruna sinn hjá ákveðnum símnotanda.

#### 4. Samskipti viðsemjanda og VODA.

Sé þess ekki sérstaklega getið í samningi þessum hvern eigi að hafa samband við undir ákveðnum kringumstæðum skulu allar formlegar tilkynningar er varða samning þennan eða almenn viðskipti sendast á tengiliði samningsaðila. Tengiliðir eru eftirfarandi:

Viðsemjandi		VODA	
Sími:		Sími:	599 9000
Beinn sími		Beinn sími	
Netfang		Netfang	
GSM		GSM	

#### 5. Fyrirkomulag þjónustu

5.1 Samtengiþjónusta VODA er fölginn í:

5.1.1 Lúkningu (e. Termination) símtala frá neti viðsemjanda í fastlínu-, og farsímanet VODA.

5.2 Samtengiþjónusta viðsemjanda er fölginn í:

- 5.2.1 Lúkningu (e. Termination) símtala frá neti VODA í net viðsemjanda
- 5.3 Samtengisambönd:
- 5.3.1 Samtengipunktur viðsemjanda eru VANTAR. Samtengipunktur VODA eru Aðalstræti 9 og Borgartúni 30.
- 5.3.2 Samningsaðilar deila jafnt með sér kostnaði við sambönd á milli samtengipunkta samningsaðila.
- 5.3.3 Samningsaðilum er heimilt að breyta samtengingarsvæðum og samtengingarpunktum. Breytingar skal tilkynna með 6. mánaða fyrirvara. Ef breytingar eru nauðsynlegar vegna framþróunar búnaðar eða staðla ber hvor aðili sinn eigin kostnað. Ef breytingar eiga rót að rekja til annarra atriða ber sá aðili sem fer fram á breytinguna allan kostnað sem af breytingunni hlýst þ.m.t. kostnað viðsemjanda.
- 5.3.4 Breytingar á skilgreiningum í símstöðvum sem áhrif hafa á net gagnaðila þarf að tilkynna með góðum fyrirvara og að lágmarki með 5 virkum dögum. Vinna til aðlögunar er samkvæmt verðskrá um útselda vinnu VODA.
- 5.3.4 Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að pantanir, stofnun þjónustu, breytingar og rekstur samtengingarumferðar séu skilvirkar og uppfylli almennar gæðakröfur.
- 5.3.5 Lágmarksleigutími á samtengingu og samtengingarstraumum er 3 mánuðir.
- 5.4 Önnur þjónusta:
- 5.4.1 Skilmálar og gjöld vegna annarrar þjónustu en getið er um í samningi þessum skulu fara samkvæmt sérstökum samningi aðila á hverjum tíma. Í því sambandi er bent á að umflutningur (e. Transit), þ.e. flutningur símtala um net samningsaðila sem beint er til nets þriðja aðila fellur ekki undir þennan samning heldur þarf að semja um það sérstaklega.
- 5.5 Áætlanir:
- 5.5.1 Viðsemjandi skal leggja fram áætlanir um samtengingarsambönd, samtengingarumferð og aðra samtengingarþjónustu sem nær yfir allt næsta almanaksár (12 mánuði) í október ár hvert vegna skipulagningar samtengisambanda og/eða fjárfestinga er kann að vera þörf til þess að uppfylla skilmála þessa samnings. Í áætlun um samtengiumferð skal koma fram áætlað magn og tegund umferðar, upplýsingar um hámarksálag, stærð þess og tíma, fjöldi strauma og merkjaleiða. Áætlanir skulu endurskoðaðar eins og þörf er á. Ef áætlanir eru ekki uppfærðar er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi. Áætlanir skulu innihalda umferð til og frá viðsemjanda og miðast við að frávísun á uppköllum milli fjarskiptakerfanna verði ekki meiri en 1%.
- 5.5.2 Áætlanir um samtengingarumferð skulu bornir saman við raunverulega samtengingarumferð á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 20% eða meira en áætlanir gera ráð getur VODA ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda. Ef samtengingarumferð fer 30% undir áætlun er VODA heimilt að fara fram á fækkun samtengisambanda á milli samningsaðila og að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.
- 5.6 Ábyrgð á þjónustu:
- 5.6.1 Samningsaðilar bera ábyrgð á þjónustu gagnvart eigin viðskiptavinum. Í þjónustu felst m.a. að viðskiptavinir séu upplýstir um aðgengi að viðkomandi fyrirtæki. Hvor samningsaðili innheimtir hjá eigin viðskiptavinum.
- 5.6.2 Hvor samningsaðili ber ábyrgð á því að viðhalda umsömdum þjónustugæðum og þjónustustigi.
- 5.7 Tilkynningar vegna bilana:
- 5.7.1 Hvor aðili um sig tilkynnir um bilanir í eigin neti. Aðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.
- 5.8 Misnotkun:
- 5.8.1 Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun í fjarskiptanetum. Ef notkun á fjarskiptanetum VODA er ekki í samræmi við ákvæði og tilgang samningsins er VODA heimilt að beita vanefndaúrræðum skv. ákvæðum 7. kafla samningsins.

**6. Verðlagning og uppgjör milli samningsaðila**

- 6.1 Samtengingarþjónusta er verðlögð samkvæmt viðauka 1a og 1b. Öll verð eru í íslenskum krónum án virðisaukaskatts. Verðeiningar samtengiumferðar eru fjöldi samtala (B-svör) og lengd hvers símtals, taltími (conversation time), skv. tilmælum ITU-T D.150 (06/99) frá 1999, tölulíður 1.5.1. Mínútuverð getur verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða almennan taxa, kvöld-, nætur- og helgartaða.
- 6.2 Gjaldfært er fyrir öll símtöl þar sem B-svar er skráð.
- 6.3 Heildartími á hverju reikningstímabili reiknast sem summan af skráðum umferðarsekúndum allra símtala í þeim gjaldflokkum sem innheimt er fyrir, umreiknuðu í mínútur.
- 6.4 Hvor samningsaðili um sig sér um og ber ábyrgð á verðlagningu til eigin viðskiptavina.
- 6.5 Samningsaðilar geta hvor um sig gert verðbreytingar á samtengingarþjónustu og annarri þjónustu til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 30 daga skriflegum fyrirvara.
- 6.6 Viðsemjandi greiðir stofngjöld og mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum samkvæmt verðskrá í viðauka 1a.
- 6.7 Grundvöllur uppgjors:
- 6.7.1 Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð
- 6.7.2 Samningsaðilar eru ábyrgir fyrir mælingu og skráningu lúkningar símaumferðar sem endar í neti hans og er slík skráning forsenda reikningafærslu aðila vegna lúkningar símaumferðar í neti hans.
- 6.7.2.1 Samningsaðilar koma sér saman um nauðsynlegar skilgreiningar, sem eru grundvöllur reikningsfærslu og skýrslugerðar til gagnaðilans.
- 6.7.3 Samtengiumferð skal mæld og skráð frá því að hún kemur til framkvæmda og er mælingin nauðsynlegur grundvöllur reikningsfærslu samningsaðila.
- 6.7.4 Sá aðili sem ber ábyrgð á því að mæla og skrá samtengingarumferð skal senda gagnaðilanum upplýsingar um forsendur reikningsfærslunnar, á rafrænu formi samkvæmt nánara samkomulagi.
- 6.7.4.1 Upplýsingar samkvæmt gr. 6.8.4 skal senda strax að loknu reikningstímabili, þó eigi síðar en fimmta dag næsta mánaðar eftir að viðkomandi reikningstímabili líkur.
- 6.7.4.2 Ef skýrslur og tölfraðilegar upplýsingar um samtengingarumferð berst seint eða ástæða er til að ætla að villa sé í útreikningsskýrslunni, hefur gagnaðili heimild til að gefa út reikning með áætlaðri fjárhæð sem telst þá bráðabirgðauppgjör milli aðila, þar til endanleg skýrsla um samtengingarumferð liggur fyrir.
- 6.7.5 Ef gagnaðili kys að mæla og skrá einnig viðkomandi umferð er honum heimilt að bera saman grundvöll móttækis reiknings við þá mælingu.
- 6.7.5.1 Ef samanburðurinn leiðir í ljós 2% eða meiri mun á reikningafærslum, er honum heimilt að gera athugasemd við grundvöll reikningafærslunnar.
- 6.7.5.2 Ef athugasemd er gerð, er báðum samningsaðilum skylt að vinna sem fyrst að lausn málsins eftir bestu getu.
- 6.7.5.3 Ef samanburður leiðir í ljós of lágan reikning og aðili bregst ekki við athugasemd með því að senda leiðréttan reikning innan 3ja mánaða fellur niður réttur til leiðréttingar. Þó fellur rétturinn ekki niður ef ætla má að aðgerðir gagnaðila hafi leitt til lægri reiknings aðila.
- 6.7.5.4 Ef ekki tekst að finna lausn innan 2ja mánaða og samanburður leiðir í ljós of háan reikning, eru aðilar skyldaðir til að fara út í formlegar gjaldfærsluprófanir.
- 6.7.5.5 Ef samanburður leiðir ítrekað í ljós að mælingar annars aðilans séu rangar er hinum aðilanum heimilt að senda reikning fyrir leiðréttingarvinunni.
- 6.7.6 Reikningar eru gefnir út mánaðarlega, eftir á, fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að þjónusta er veitt. Gjaldldagi er 20 dögum eftir lok reikningstímabilsins og eindagi er 10 dögum síðar. Ef dráttur verður á greiðslu samningsaðila samkvæmt samningnum skulu reiknast hæstu leyfilegir dráttarvextir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá gjaldldaga til greiðsludags.
- 6.8 Gjaldfærsla fyrir aðra þjónustu en símtöl er samkvæmt viðauka 1a og 1b.

## 7. Vanefndir og skaðabætur

- 7.1 Telji samningsaðili að gagnaðili hafi vanefnt samninginn ber honum að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndirnar.
- 7.2 Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað:
  - 7.2.1 ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningunum, tæknilega eða viðskiptalega eins þær koma fram í samningnum;
  - 7.2.2 ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans eða ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.
  - 7.2.3 ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni.
- 7.3 Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.
- 7.4 Samningsaðili, sem hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, hefur rétt til að bæta þar úr innan 14 daga frests, sem gagnaðila er skylt að setja honum að viðlagðri riftun. Honum ber þá að grípa til úrræða til að bæta úr vanefndunum strax og honum hefur borist skrifleg tilkynning um vanefndirnar og í hverju þær eru fólgnar eða honum má vera það ljóst með öðrum hætti. Bæti samningsaðili ekki úr tilgreindum vanefndum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum í heild eða að hluta.
- 7.5 Framangreind heimild gildir þó ekki ef slíkum úrræðum verður ekki við komið af óviðráðanlegum ástæðum eða ef nauðsynleg úræði hafa í för með sér veruleg óþægindi eða umtalsverðan aukakostnað fyrir þann sem ábyrgð ber á samningsrofinu.
- 7.6 Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði.
- 7.7 Bótaskylda samningsaðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af vanefndum, enda megi rekja vanefnd til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu. Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

## 8. Takmörkun eða stöðvun umferðar

Aðilum er heimilt að takmarka samtengingarumferð ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis nets aðila. Aðilum er einnig heimilt að takmarka eða stöðva samtengingarumferð ef upp kemur rökstuddur grunur um sviksamlegt athæfi í tengslum við samtengingu milli samningsaðila. Tilkynna skal um slíka takmörkun eða stöðvun fyrirfram, ef því verður við komið, eða eins fljótt og hægt er. Samtengingarumferð skal aðeins takmörkuð eða stöðvuð fyrirvaralaust ef að brýna nauðsyn beri til og hagsmuna rekstraraðila verði ekki gætt með öðrum vægari úrræðum.

## 9. Óviðráðanleg atvik (Force Majeure)

- 9.1 Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna óviðráðanlegra atvika (force majeure) falla skuldbindingar hans niður á meðan slíkt ástand varir
- 9.2 Aðila, sem hyggst nýta sér þetta ákvæði, ber tafarlaust að tilkynna gagnaðilanum um orsök slíkra vandkvæða, svo og hvaða áhrif slík vandkvæði kunna að hafa og hve lengi má búast við að þau vari.

## 10. Tæknileg hæfni

Ef upp er settur fjarskiptabúnaður, sem kann að hafa áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila, er honum heimilt að krefjast þess að lögð séu fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur slíks búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylla eðlilegar öryggisreglur.

## 11. Tækniröfur / prófanir

- 11.1 Gerð er krafa um að símsstöðvar viðsemjanda uppfylli sömu eða sambærilega staðla og símsstöðvar VODA. Viðsemjandi skal leggja fram skjöl frá framleiðanda símsstöðvar/búnaðar þar

sem vottað er að sá búnaður sem tengjast á fjarskiptaneti VODA og/eða á að hafa samskipti við símsstöðvar VODA uppfylli viðkomandi staðla

- 11.2 Prófanir á samtengingum milli samningsaðila fylgja stöðlum ITU-T. Prófunarlýsingar fylgja stöðlum Q.780, kafla 3. Prófunarlýsingarnar eru flokkaðar í staðlaprófanir og samtengingarprófanir (sem eru stjórnumerktar í stöðlunum). Með skjali framleiðanda er vottað að símsstöð/búnaður uppfylli staðlaprófanir og með samtengingarprófunum er gengið úr skugga um að símsstöðvarnar vinni rétt saman yfir samtengingarpunktana. Viðsemjandi þarf að leggja fram nauðsynlegan tækjabúnað og tækniþekkingu fyrir framkvæmd prófananna. Umfang samtengingarprófana er háð samkomulagi samningsaðila. Gert er ráð fyrir að uppsetning símsstöðva VODA sé rétt og eru allar frekari samtengingar- og þjónustuprófanir gerðar til að samhæfa búnað viðsemjanda við símsstöðvar VODA. Greiðslur vegna þátttöku VODA í slíkum prófunum er samkvæmt verðskrá um útselda vinnu hverju sinni. Ef eiginleiki hefur staðist samtengingar- og þjónustuprófanir samkvæmt þessum lið og upp koma vandamál síðar vinna samningsaðilar sameiginlega að lausn þeirra vandamála. Í þessu tilviki þarf hugbúnaður og stillingar símsstöðva að vera þær sömu og voru við prófanirnar. Ef upp koma vandamál sem rekja megi til þess að samhæfing búnaðar viðsemjanda við VODA er ekki ásættanleg og eiginleiki hefur ekki verið prófaður sérstaklega við þessar aðstæður, er vinna VODA gjaldfærð samkvæmt verðskrá hverju sinni. Í gjaldfærsluprófunum eru gerð uppköll á milli kerfa undir eftirliti beggja aðila og nákvæmar gjaldfærsluupplýsingar frá báðum aðilum bornar saman.

## 12. Greiðslutrygging

VODA er heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við óskir viðsemjanda um samtengingarumferð til þess að uppfylla ákvæði þessa samnings.

## 13. Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

- 13.1 Viðsemjanda er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis VODA.
- 13.2 Þó er viðsemjanda heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að videigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega til VODA að það taki á sig allar skyldur framseljanda samkvæmt samningnum.

## 14. Upplýsingaskylda/Þagnarskylda

- 14.1 Hvorur samningsaðila ber að veita gagnaðila aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um tæknileg atriði og rétt til að nýta hugbúnað og hugbúnaðarbæklinga að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.
- 14.2 Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa móttekið frá gagnaðila, þ.m.t upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.
- 14.3 Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.
- 14.5 Upplýsingar, sem eru á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafi af broti á þessu ákvæði.
- 14.6 Þagnarskylda kemur ekki í veg fyrir að aðilar veiti ákærvaldi eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.
- 14.7 Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.

## 15. Almenn ákvæði

- 15.1 Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarrétti frá einum samningsaðila til annars, nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það. Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sértakt samkomulag um endurbætur eða

- frækari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.
- 15.2 Samningurinn tekur gildi við undirskrift. Hvor aðili um sig getur sagt upp samningi með skriflegum hætti með 6 mánaðar fyrirvara.
- 15.3 Hvor samningsaðili gefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum.
- 15.4 Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.
- 15.5 Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín í milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna skv. fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma. Komi upp ágreiningur milli samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samningsins og þeim ekki unnt að leysa ágreiningsefni, skulu þeir vísa málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar (P&F). Takist P&F ekki að miðla málum, geta samningsaðilar rekið mál út af samningi þessum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu.

Reykjavík, mán, ár 200X

f.h. XX

f.h. Og fjarskipta ehf. (Vodafone)

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Vottar:

\_\_\_\_\_

Nafn

\_\_\_\_\_

Kennitala

\_\_\_\_\_

Nafn

\_\_\_\_\_

Kennitala